

## REGLUGERÐ

### um bann við síldveiðum með vörpu.

#### 1. gr.

Allar síldveiðar með vörpu eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. Við Austurland:           | 3. Við Suðvesturland:        |
| 1. 65° 25'00 N – 13° 40'00 V | 1. 63° 56'40 N – 24° 01'40 V |
| 2. 65° 25'00 N – 12° 10'00 V | 2. 63° 42'10 N – 22° 58'00 V |
| 3. 64° 48'10 N – 12° 28'00 V | 3. 63° 42'00 N – 22° 25'00 V |
| 4. 64° 48'10 N – 13° 50'00 V | 4. 63° 20'00 N – 22° 25'00 V |
|                              | 5. 63° 20'00 N – 24° 33'00 V |
| 2. Við Suðausturland:        | 4. Fyrir Vesturlandi:        |
| 1. 64° 48'10 N – 13° 50'00 V | 1. 64° 42'00 N – 25° 30'00 V |
| 2. 64° 48'10 N – 12° 28'00 V | 2. 64° 42'00 N – 24° 11'00 V |
| 3. 64° 18'00 N – 12° 28'00 V | 3. 63° 50'60 N – 23° 35'90 V |
| 4. 64° 00'00 N – 15° 00'00 V | 4. 63° 56'40 N – 24° 01'40 V |
| 5. 63° 20'00 N – 17° 00'00 V | 5. 63° 20'00 N – 24° 33'00 V |
| 6. 63° 20'00 N – 18° 00'00 V | 6. 64° 10'00 N – 25° 37'00 V |
| 7. 63° 30'40 N – 18° 00'00 V |                              |

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi 3. október 2003. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 923, 23. desember 2002, um bann við síldveiðum fyrir Vesturlandi, reglugerð nr. 832, 29. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Austurland, reglugerð nr. 775, 8. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Suðvesturland og reglugerð nr. 774, 8. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Suðausturland.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. október 2003.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*